

Reglur um starfs- og endurmenntun fyrir starfsmenn Fjallabyggðar

Nám samkvæmt beiðni stofnunar eða yfirmanns

Sé nám samþykkt samkvæmt beiðni stofnunar eða yfirmanns í samræmi við sí- og endurmenntunarstefnu stofnunarinnar, skal starfsmaður halda óskertum launum og viðkomandi stofnun greiða þann kostnað sem fellur til vegna námsins, nánari útfærsla kostnaðar verði samkvæmt samkomulagi viðkomandi starfsmanns og yfirmanns stofnunar.

Nám samhliða starfi

Starfsmenn sem eiga lögheimili í Fjallabyggð og starfa hjá sveitarfélaginu geta sótt um heimild til að sækja viðurkennt réttindánám eða starfstengt nám á framhalds- eða háskólastigi samhliða starfi sínu án launaskerðinga, þreyta próf á vinnutíma, sækja starfslotur eða vettvangsnám í allt að 15 daga á ári. Krafist er a.m.k. 10 ects. eininga.

Gert er ráð fyrir að námið gagnist í starfi hjá Fjallabyggð, hafi óveruleg áhrif á starf viðkomandi eða að hægt sé að fá fólk til afleysingar, þar sem þess gerist þörf.

Nám samkvæmt ósk starfsmanns – Leyfi til endurmenntunar

(Hér er miðað við lengra nám). Miðað skal við að starfsmaður hafi verið í starfi hjá Fjallabyggð í a.m.k. 5 ár og námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir viðkomandi starfsmann og nýtist í þeirri stofnun þar sem viðkomandi starfar. Almenna reglan er að leyfi til endurmenntunar er veitt sem ólaunað leyfi. Hámarkslengd leyfis er eitt ár, en starfsmenn geta einnig sótt um leyfi til skemmri tíma.

Fyrirkomulag

Starfsmaður greiðir sjálfur kostnað vegna námsins t.d. með framlagi úr starfsmenntunarsjóði síns stéttarfélags. Fræðslu- og menningarfulltrúi getur aðstoðað starfsmenn við að sækja um styrki.

Starfsmaðurinn skuldbindur sig til að starfa hjá Fjallabyggð í a.m.k. 2 ár að námi loknu. Að öðrum kosti skal starfsmaður greiða til baka þau laun sem hann hefur fengið frá sveitarfélaginu vegna fjarveru frá vinnu.

Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingum um námsframvindu skal komið til forstöðumanns viðkomandi stofnunar.

Fjallabyggð og stofnanir sveitarfélagsins greiðir ekki ferða- og námskostnað. Slíkt á þó ekki við ef námsferð er farin að beiðni eða undirlagi Fjallabyggðar.

Í umsóknum sem senda skal fræðslu- og menningarfulltrúa komi fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám og námstíma, staðfesting næsta yfirmanns og aðrar upplýsingar ef þurfa þykir.

Staðfesting um skólavist skal senda fræðslu- og menningarfulltrúa þegar hún liggur fyrir.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar í janúar ár hvert.

Samþykkt á 63. fundi bæjarstjórnar 13.4.2011